

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Ólafsfjarðar.

I. KAFLI

Rekstrarform.

1. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar er sjálfstæð stofnun, sem Ólafsfjarðarbær á og starfrækir.

2. gr.

Tilgangur hitaveitunnar er að afla, selja og veita varmaorku um orkuveitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem því tengist.

3. gr.

Orkuveitusvæði hitaveitunnar er lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarbæjar.

Hitaveitan hefir einkarétt til dreifingar og sölu varmaorku á orkuveitusvæði sínu, sbr. 12. gr.

4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum bæjarstjórnar. Framkvæmdastjórn hennar skal falin veitustjórn ásamt veitustjóra og bæjarstjóra.

5. gr.

Veitustjórn skipa þrjú menn og þrjú til vara, sem kosnir eru af bæjarstjórn. Kjörtímabil hennar skal vera hið sama og bæjarstjórnar. Veitustjórn skiptir með sér verkum.

6. gr.

Veitustjórn er ákvörðunarþær þegar meirihluti hennar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir veitustjórnarmenn hafi átt þess kost að fjalla um málið. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Verkefni veitustjórnar eru:

- 1) að hafa eftirlit með því að skipulag hitaveitunnar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.
- 2) að ákveða framkvæmdir varmaorkumála á orkuveitusvæði hitaveitunnar í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga.
- 3) að semja gjaldskrá fyrir veituna og leggja hana fyrir bæjarstjórn.
- 4) að undirbúa samninga um orkukaup og orkusölu.
- 5) að semja fjárhagsáætlanir og leggja fyrir bæjarstjórn.
- 6) að gera tillögur til bæjarstjórnar um ráðningu fastra starfsmanna hitaveitunnar.
- 7) að gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem óskað er eftir og snerta starfsemi hitaveitunnar.
- 8) að semja nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist og leggja þær fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

8. gr.

Bæjarstjórn ræður veitustjóra að fengnum tillögum veitustjórnar. Veitustjóri annast allan daglegan rekstur hitaveitunnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem veitustjórn gefur.

Veitustjóri ræður starfsmenn til veitunnar eftir þörfum umfram hina föstu starfsmenn. Veitustjóri situr fundi veitustjórnar og hefir þar málfrelsi og tillögurétt.

9. gr.

Hitaveitan skal hafa sjálfstætt reikningshald. Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum bæjarsjóðs og vera endurskoðaðir af endurskoðendum hans.

Tekjum hitaveitunnar skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði, þannig að tryggður sé öruggur rekstur veitunnar, svo og til greiðslu afborgana og vaxta af skuldum hennar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum veitustjórnar. Við gerð gjaldskrár skal þess gætt að orkuverð sé við það miðað að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga orku á hagkvæmu verði.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

10. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu sem tengist veitukerfi hitaveitunnar nefnist húseigandi.

Kaupandi varmaorku eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar nefnist notandi.

11. gr.

Varmaorkan er afhent um veitukerfi hitaveitunnar samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá.

Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um sölu varmaorku utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki bæjarstjórnar.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign hitaveitunnar, en heimil er notkun þess til upphitunar í gróðurhúsum, bílastæðum og öðrum stöðum. Frágangur lagna og búnaður vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt fyrirmælum hitaveitunnar. Hitaveitan getur stöðvað slíka notkun án bóta, ef nauðsynlegt er vegna orkusparnaðar. Hitaveitunni ber þó að tilkynna slíka stöðvun með hæfilegum fyrirvara.

Oheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við bakrennslið nema að fengnu samþykki hitaveitunnar. Notanda er skylt að leiða hitaveituvatnið frá hitakerfi sínu í frárennislögn.

12. gr.

Varmaorkan er afhent í formi heits vatns. Hitaveitan skal gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting, hitastig og þess háttar.

13. gr.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni heita vatnsins eru án ábyrgðar hitaveitunnar. Slíkar breytingar skal hitaveitan tilkynna notendum svo fljótt sem við verður komið.

14. gr.

Endursala varmaorkunnar er óheimil án samþykkis hitaveitunnar.

III. KAFLI

Veitukerfið.

15. gr.

Hitaveitan leggur, kostar og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss að og með hemli ásamt tilheyrandi búnaði. Hún annast rekstur og viðhald eigin veitukerfis.

16. gr.

Húseiganda innan orkuveitusvæðis hitaveitunnar, þar sem veitukerfi hitaveitunnar liggur, er skylt að láta tengja hús sitt við hitaveituna. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

17. gr.

Hitaveitan annast tenginu eigin veitukerfis við húsveitu kaupanda. Við slíka framkvæmd skal hitaveitan halda raski í lágmarki og ganga þriflega um. Jafnframt skal hitaveitan færa til fyrra horfs eins og við verður komið. Hitaveitan ákveður staðsetningu hemla og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar veitukerfisins.

18. gr.

Húseigandi greiðir stofn- og tengigjald samkvæmt gjaldskrá.

19. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi/notandi annast og kosta.

Húseigandi/notandi kostnar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hitaveitunnar.

20. gr.

Hitaveitan hefir rétt til aðgangs að því húsnæði sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds, eftirlits og breytinga.

Ef inntak hitaveitu og hemlar eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stökk sem auðvelt er að opna.

IV. KAFLI

Húsveitur og tenging þeirra við hitaveituna.

21. gr.

Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytinga á eldri kerfum skal sækja um orkukaupin eða breytinguna til hitaveitunnar á þar til gerðum eyðublöðum sem

skrifstofa hennar lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingareftirliti bæjarins.

Áhleypingu (tengingu) skal sækja um til hitaveitunnar með minnst fjögurra daga fyrirvara.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tenginu. Hitaveitunni er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar ef húsið er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir hemla og eða annað tilheyrandi tenginu við veituna. Þar skal vera niðurfalið í gólfi og það húsrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum hitaveitu.

22. gr.

Teikningar skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunarkerfa og loftræsikerfa, byggingarreglugerðar og byggingarskilmála.

Samþykki hitaveitunnar á tengingu húsveita við veitukerfi sitt og/eða úttekt felur ekki í sér ábyrgð á hugsanlegum ágöllum við hönnun, gerð eða frágang húsveitunnar.

Rétt til að hanna hitalagnir og gera af þeim uppdrætti eða annast hitalagnir hafa þeir einir sem til þess hafa menntun og réttindi eins og almennt er krafist. Þeir bera ábyrgð á því að verk þeirra sé í samræmi við reglugerð þessa. Bæjarstjórn getur sett nánari fyrirmæli og reglur um þá starfsemi á orkuveitusvæði sínu.

Ef skipt er um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt framkvæmdastjóra skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er. Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum fyrr en annar meistari hefir tekið við verkinu.

23. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar eiga ætíð rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er til athugunar á öryggi þeirra þ.t.m. tækja, til athugunar á mælitækjum og hvort öll notkun komi rétt til hemils samkvæmt gjaldskrá, til álestrar á mælitæki, til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum hitaveitunnar. Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað.

Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hitaveitan stöðvað verkið þar til úr því verður bætt.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

24. gr.

Sé húsveita tengd veitukerfi hitaveitunnar án heimildar getur hitaveitan aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

25. gr.

Húseigandi/notandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu hitaveitunnar.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum hennar.

Húseigandi/notandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar sem verður fyrir skemmdum af hans völdum.

V. KAFLI
Skilmálar fyrir orkusölu.

26. gr.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynninga hjá hitaveitunni þess efnis.

27. gr.

Skilyrði varmaorkusölnunnar er að í gildi sé samþykkt umsókn um tenginu viðeigandi húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar. Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlega atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar. Þurfi að takmarka notkun varmaorku um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefir ekki áhrif á greiðslu fastagjalds (fasts aflsgjalds eða mælagjalds).

28. gr.

Ef rofið er innsigli á búnaði hitaveitunnar varðar það refsingu samkvæmt hegningarlögum.

Notendur sem hafa hemil eiga ekki rétt á endurgreiðslu á fastagjaldi þótt þeir hafi ekki getað náð þeirri varmaorku sem greiðslan er miðuð við, en hitaveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins svo fljótt sem auðið er.

29. gr.

Notandi skal greiða hitaveitunni gjald fyrir varmaorkuna samkvæmt gildandi gjaldskrá. Reikninga skal senda notanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur.

Gjaldddagi reikninga er útgáfudagur. Eindagi er 20 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Útsending varmaorkureikninga skal fara fram á tveggja mánaða fresti.

Verði vanskil á greiðslu eins eða fleiri reikninga er hitaveitunni heimilt að stöðva orkuafhendingu.

Verði greiðslufall á reikningi má hitaveitan reikna dráttarvexti frá eindaga reiknings hverju sinni.

30. gr.

Hitaveitan hefir rétt til að stöðva afhendingu varmaorku til notanda, sem greiðir ekki eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist notanda með minnst fimm daga fyrirvara. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar og notandi á ekki rétt á lækkun orkureiknings þann tíma sem afhending varmaorku er stöðvuð. Hitaveitan hefir rétt til að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar, framkvæmd stöðvunarinnar svo og opnun veitunnar á ný. Engin má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem hitaveitan hefir veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega orkunotkun.

Verði uppvíst að varmaorkan hafi verið notuð á annan hátt en um var samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun, skal hitaveitan áætla þá varmaorku sem notuð var óleyfilega.

31. gr.

Nú vanrækir húseigandi/notandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað hans.

VI. KAFLI Ýmis ákvæði.

32. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með lögtaki sbr. 76. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967.

33. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við að lögum.

34. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Ólafsfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri reglugerð sama efnis nr. 367, 5. ágúst 1975.

Íðnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1989.

Jón Sigurðsson.

Páll Flygenring.

ARÐSKRÁ fyrir Veiðifélag Krossár í Dalasýslu.

| | |
|----------------------------|-----|
| Skarð | 36% |
| Á | 30% |
| Geirmundarstaðir | 1% |
| Frakkanes | 2% |
| Kross | 31% |

Samtals: 100%

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga n r. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. janúar 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.